

Alþingi
Erindi nr. P 140/23
komudagur 4.11.2011

Kópavogur: 3. nóvember 2011

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu
(endurútreikning verðtryggðra lána), 9. mál.**

Undirritaður vísar til tölvubréfs, dags. 24. október sl., þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskar eftir umsögn undirritaðs um ofangreint málefni. Að þessu tilefni vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Frumvarpið er rétt skref í þá átt að leiðrétta þau mistök sem áttu sér stað þegar Alþingi samþykkti breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 með lögum nr. 151/2010 en þau lög hækkuðu greiðslubyrði flestra slíkra lána sem tekin voru fyrir árið 2007 og voru með lágt vaxtaálag. Breytir engu þó höfuðstóll þeirra lána hafi lækkað því vextirnir voru hækkaðir í flestum tilfellum um a.m.k. 100%.

Meginröksemdin að baki því frumvarpi sem hér er til umsagnar er sú að lánveitendur beri fremur en skuldarar ábyrgð á ólögmæti gengistryggðra lána og því verði lánveitendur að taka ábyrgð á mistökum sínum án þess að lántaki hagnist með óréttmætum hætti. Reiknireglan sem lögð er til í frumvarpinu hækkar greiðslubyrði svokallaðra gengistryggðra lána um tugi prósentu sem er samt minni hækkun en núverandi reikniregla gerir ráð fyrir (lög 151/2010).

1. gr.

Undirritaður gerir 2 athugasemdir við 1. grein frumvarpsins.

Annarsvegar er það röng aðferð að draga frá höfuðstól allar þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi. Einungis á að draga frá þær greiðslur sem tilgreindar eru sem afborgun á nafnverði á hverjum greiðsluseðli.

Hinsvegar er það einnig röng aðferð að vaxtareikna höfuðstólinn (eða það sem eftir stendur af honum þegar búið er að draga frá þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi) frá lántökudegi þegar lántaki hefur í höndum fullnaðarkvittanir fyrir greiðslu vaxta á því tímabili. M.ö.o. ekki er heimilt að beita afturvirkum útreikningi.

Eins og áður sagði virðist frumvarpið vera sett fram til að leiðrétta lagasetningu sem var fullkomlega óþörf. Þegar dómur Hæstaréttar í máli nr. 92/2010 féll 16. júní 2010 voru lög nr. 38/2001 (vaxtalögin) í gildi en þar sagði í 18. grein:

“Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.”

Ekki verður betur séð en að réttur lántakanda sé nokkuð skýr og í raun ekkert sem kallaði á breytingar á þessari grein vaxtalaganna. Talsmaður neytenda kemst að sömu niðurstöðu í grein sem birtist á vef embættisins þann 27. júní 2010.

Hæstiréttur kemst hinsvegar að þeirri niðurstöðu þann 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 að:

“Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 skulu vextir þegar svo stendur á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.”

Í þeim dómi kemur ekki fram að heimilt sé að beita afturvirkum útreikningi til innheimtu hærri vaxta en þeirra sem þegar hafa verið greiddir og lántakandi hefur kvittun fyrir. Samt samþykkti Alþingi lög nr. 151/2010 sem gera ráð fyrir því að slíkt sé hægt.

Hæstiréttur ítrekar hinsvegar nokkru síðar (14. febrúar 2011) að ekkert hafi komið fram um slíkt. Þar kemur eftirfarandi fram í máli nr. 604/2010:

“Fyrir Hæstarétti krefst varnaraðili [Frjálsi Fjárfestingarbankinn] nú einungis staðfestingar á að hafnað verði öllum kröfum sóknaraðila, en féll við munnlegan flutning málsins frá síðarnefndu kröfunni. Þar með er ekkert í kröfugerð hans sem lýtur að viðurkenningu á rétti til greiðslu úr hendi sóknaraðila vegna liðins tíma. Að þessu virtu felur áður nefnd umfjöllun í kæru sóknaraðila í sér lögspurningu, sem ekki kemur til neinna álita í málinu.”

Hinsvegar hefði Alþingi geta skoðað dómafordæmi um skuldabréf og fullnaðarkvittanir en í dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2007 um skuldabréf og fullnaðarkvittanir segir:

“Þá leiða reglur um viðskiptabréf til þess að stefnda getur borið greiðslukvittun fyrir sig gagnvart stefnanda, sbr. 2. gr. tilskipunar frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf.”

Frumvarpið er því einungis skref í þá átt að leiðrétta lög 151/2010 en gerir samt ráð fyrir að hægt sé að beita ólögætum afturvirkum vaxtaútreikningi sem er ekki ásættanlegt. Rétt er að taka það fram að flestir lántakendur hefðu aldrei staðist greiðslumat fyrir þeirri greiðslubyrði sem fæst út með afturvirkum útreikningi.

Að lokum er rétt að taka fram að undirritaður hefur kvartað til ESA vegna laga nr. 151/2010 en kvörtunin vísar í vanefndir um eftirfylgni við evróputilskipun 93/13/EC í dómafrankvæmd auk lagasetningar nr. 151/2010 er gengur þvert á lögleiddan neytendarétt, eignarréttarákvæði stjórnarskrár og umrædda tilskipun um neytendarétt.

Virðingarfyllst,

Hákon Hrafn Sigurðsson
Kt. 0803745859